

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 88/1984. **Yngvi R. Loftsson og**

Hrefna Jakobsdóttir

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Sanitas h/f

(Gunnar Sólnes hrl.)

og Elíasi Eliassyni, skiptaráðanda

á Akureyri, f.h. þrotabús

Hafnarbúðarinnar h/f

(Enginn)

Fjárnámsgerð. 20. gr. laga nr. 20/1923.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 17. apríl 1984. Þeir krefjast þess, „að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda Sanitas h/f verði dæmt til að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti.“

Stefndi Sanitas h/f krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Af hálfu stefnda Elíasar Eliássonar, skiptaráðanda á Akureyri, f.h. þrotabús Hafnarbúðarinnar h/f hefur ekki verið sótt þing fyrir Hæstarétti og engar kröfur gerðar.

Með stefnu, dags. 17. maí 1983, höfðaði Sana h/f á Akureyri, eins og segir í stefnunni, mál á hendur Yngva R. Loftssyni f.h. Hafnarbúðarinnar h/f á Akureyri til greiðslu fimm víxla, samtals að fjárhæð 130.021.18 krónur með 4% mánaðarvöxtum af 29.435.00 krónum frá 1. október 1982 til 1. nóvember s.á., en með 5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 10. mars 1983, af 51.002.08 krónum frá þeim degi til 22. mars s.á., af 77.341.78 krónum frá þeim degi til 30. mars s.á., af 103.681.48 krónum frá þeim degi til 15. apríl 1983, en af 130.021.18 krónum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar. Málið var rekið sem áskor-

unarmál samkvæmt lögum nr. 97/1978. Voru stefnukröfurnar, þar á meðal 17.940.00 krónur í málskostnað, gerðar aðfararhæfar með áritun á stefnuna 26. maí 1983.

Með bréfi 6. júlí 1983 til bæjarfógetans á Akureyri krafðist Árni Pálsson héraðsdómslögmaður þess, að gert yrði fjárnám hjá Hafnarbúðinni h/f til tryggingar dómskuldinni ásamt kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Oddur Ólason, fulltrúi bæjarfógeta, tók fjárnámsbeiðnina fyrir í fógetarétti Akureyrar 19. júlí 1983 í skrifstofu bæjarfógetaembættisins í Hafnarstræti 107. Er skráð í fógetabók, að fyrir sé tekið málið nr. 335/1983: Sana h/f gegn Hafnarbúðinni h/f og Yngva R. Loftssyni. Er þó ljóst af hinni aðfararhæfu áskorunarstefnu og fjárnámsbeiðninni, að gerðin átti að beinast að Hafnarbúðinni h/f einni, þar sem Yngva R. Loftssyni hafði aðeins verið stefnt með áskorunarstefnunni sem fyrirvarsmanni félagsins. Er því eigi heldur haldið fram í málinu, að fjárnámsgerðinni hafi verið ætlað að beinast að honum persónulega sem dómpóla, er ábyrgð bæri á dómsskuldinni.

Þá segir í hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð:

„...Gerðarþoli starfar hér í bæ og er mættur fyrir hann Guðmundur Stefánsson, verslunarstjóri, sem starfar þar.

Áminntur um sannsögli kveðst mætti ekki geta greitt, en samþykkir fyrirtekt gerðarinnar hér. Gætt er leiðbeiningarskyldu.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Grænumýri 20, eign Yngva R. Loftssonar. Fallið er frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.“

Dómsgildinu 26. maí 1983 er ekki áfrýjað til Hæstaréttar, heldur aðeins framangreindri fjárnámsgerð.

Hafnarbúðin h/f var tekin til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaráðanda 16. mars 1984.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn, og vitnamál var háð á bæjarþingi Akureyrar 28. nóvember sl. vegna hæstaréttarmáls þessa. Gáfu þá skýrslur annar áfrýjenda málsins, Yngvi R. Loftsson, svo og Guðmundur Stefánsson, sá er mætt hafði við fjárnáms-

gerðina, en hann var hluthafi og stjórnarmaður í Hafnarbúðinni h/f.

Fyrir Hæstarétti er komið fram, að samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár voru hlutafélögin Sanitas h/f í Reykjavík og Sana h/f á Akureyri sameinuð í eitt félag, Sanitas h/f, frá 1. janúar 1979 að telja. Með sömu tilkynningu var beiðst skráningar á útibúi Sanitas h/f á Akureyri með nafninu: Sanitas h/f — Sanaverksmiðjan. Þá hefur og verið lagt fyrir Hæstarétt vottorð, dags. 4. þ.m., um að skráð sé í hlutafélagaskrá hlutafélagið Sanitas h/f með útibúi á Akureyri og sé dagsetning samþykkt þess 18. desember 1982. Verður, eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, við það að miða, að áfrýjunin hafi beinst að Sanitas h/f vegna útibús síns Sanaverksmiðjunnar á Akureyri, en ekki vegna Sana h/f, eins og í áfrýjunarstefnunni segir, svo og að þessi stefndi hér fyrir dómi hafi í raun rétttri verið gerðarbeiðandi fyrir fógetaréttinum og dómhafi samkvæmt áskorunarstefnunni, þó að samkvæmt þeim réttargerðum sé Sana h/f, sem ekki var lengur sjálfstætt hlutafélag, sagt vera dómhafi og gerðarbeiðandi.

Áfrýjendur, sem eru í hjúskap, reisa kröfur sínar um, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi, á því, að húseignin Grænamýri 20 sé eign þeirra samkvæmt eignarheimild þinglýstri á nafn áfrýjandans Yngva. Hafi ekki mátt gera fjárnám í henni til fullnustu dómi á hendur Hafnarbúðinni h/f, svo sem gert var. Er því mótmælt, að Guðmundur Stefánsson hafi vísað á eign þessa til fjárnáms með samþykki og að beiðni áfrýjandans Yngva, svo sem haldið er fram af hálfu stefnda Sanitas h/f f.h. Sana h/f.

Umboðsmaður stefnda hér fyrir dómi hefur staðhæft, að nokkru áður en hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram, hafi áfrýjandinn Yngvi R. Loftsson bedið um, að fjárnámið yrði gert í Grænumýri 20, þar sem ekki hafa verið um aðrar eignir Hafnarbúðarinnar h/f, að ræða en vörubirgðir hennar og ef fjárnám hefði verið gert í þeim, hefði það haft í för með sér lokun verslunarinnar.

Áfrýjandinn Yngvi var stjórnarformaður og aðalhluthafi í Hafnarbúðinni h/f. Hann hefur viðurkennt, að fasteignin Grænamýri 20 hafi verið notuð til tryggingar skuldum Hafnarbúðarinnar h/f í vissum tilvikum fyrri hluta ársins 1983. Að því hafa verið leiddar líkur, m.a. með skýrslu Guðmundar Stefánssonar í áðurgreindu vitnamáli,

að á þeim tíma, er fjárnámið var gert, hafi Hafnarbúðin h/f ekki átt eignir, sem unnt hafi verið að vísa á til fjárnáms, aðrar en vöru-
birgðir verslunarinnar, svo sem stefndi hefur staðhæft. Það er og
fram komið, að eftir að hið áfrýjaða fjárnám var gert, eða hinn
19. október 1983, veitti stefndi áfrýjandanum Yngva leyfi að beiðni
hans til að setja húseignina Grænumýri 20 að veði fyrir láni frá
Stofnlánasjóði matvörukaupmanna með veðrétti, er gengi fyrir fjár-
námi stefnda. Gerði Yngvi þá engan fyrirvara um, að hann teldi
sig óbundinn af fjárnáminu, en lét þinglýsa veðleyfinu 21. október
1983.

Í skýrslu þeirri, er Guðmundur Stefánsson gaf í áðurgreindu
vitnamáli, sýnaði hann að vísu fyrir, að hann hefði mætt við fjár-
námið að beiðni áfrýjandans Yngva eða hann bedið sig að benda
á Grænumýri 20 til fjárnáms, og er þetta ekki sannað gegn andmæl-
um áfrýjanda. Athafnir áfrýjandans Yngva, þær sem að framan eru
greindar, verður þó að telja fela í sér slíka viðurkenningu hans á
því, að fjárnámið hafi mátt gera í margnefndri eign hans Grænu-
mýri 20, að hann geti ekki fengið því hrundið með áfrýjun, eftir
að eignir Hafnarbúðarinnar h/f höfðu verið teknar til gjaldþrota-
skipta að löngu liðnum hinum almenna áfrýjunarfresti.

Kröfugerð áfrýjenda er enn fremur studd þeim rökum, að Græna-
mýri 20 hafi verið „hjúskapareign áfrýjenda.“ Geti stefndi því
engán rétt byggt á fjárnáminu í Grænumýri 20, þar sem samþykkis
áfrýjandans Hrefnu hafi ekki verið leitað, svo sem nauðsynlegt
hefði verið vegna ákvæða 20. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og
skyldur hjóna. En þegar af þeirri ástæðu, að ætla verður af gögnum
máls og málflutningi, að Grænamýri 20 hafi verið hjúskapareign
áfrýjandans Yngva og hvorki hafi fjölskyldan búið á eigninni né
heldur geti eignin talist hafa verið notuð til atvinnurekstrar beggja
hjónanna eða áfrýjandans Hrefnu, þótt hún væri leigð út, sbr.
áðurnefnda 20. gr., verður fjárnáminu ekki hrundið af þessari
ástæðu.

Samkvæmt þessu verður hin áfrýjaða fjárnámssgerð staðfest.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli
niður.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 1/1984

Stefán Hjaltason

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Magnúsi Hanssyni

(Arnmundur Backmann hrl.)

Vinnusamningur. Lögskráning. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 3. janúar 1984. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal tryggingarskrá sjómanna frá Tryggingastofnun ríkisins um lögskráða skipverja á v/b Brimnesi í febrúar til maí 1982, bréf Tryggingamiðstöðvarinnar 16. nóvember 1983 og bréf Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 2. desember 1983, ásamt ljósritum af skipshafnarskrám v/b Brimness tímabilin 25. febrúar—31. mars, 1. apríl—27. apríl og 9. maí—23. maí 1982.

Fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda, að þegar v/b Brimnes brann og sökk í september 1983, hefðu skipsskjölin farið forgörðum, þar á meðal skipsáhafnarskráin.